

AUGLÝSING

um umferð í Seyðisfjarðarkaupstað.

Samkvæmt heimild í 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar samþykkt að setja eftirfarandi reglur um umferð á Seyðisfirði. Auglýsingin hefur fengið samþykki frá lögreglu Austurlands og frá Vegagerðinni.

1. Biðskylda og stöðvunarskylda.

Austurvegur nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hann með biðskyldu. Umferð um Austurveg skal þó víkja fyrir umferð um Hafnargötu með biðskyldu.

Hafnargata nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu.

Strandarvegur nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hann með biðskyldu.

Brekkuvegur nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hann með biðskyldu. Umferð um Brekkugötu skal þó víkja fyrir umferð um Austurveg með stöðvunarskyldu.

Túngata nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu. Umferð um Túngötu skal þó víkja fyrir umferð um Suðurgötu með biðskyldu.

Múlavegur nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hann með biðskyldu.

Suðurgata nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu. Umferð um Suðurgötu skal þó víkja fyrir umferð um Austurveg og Múlaveg með biðskyldu.

Hlíðarvegur nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hann með biðskyldu. Umferð um Hlíðarveg skal þó víkja fyrir umferð um Garðarsveg og Múlaveg með biðskyldu.

Garðarsvegur nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hann með biðskyldu. Umferð um Garðarsveg skal þó víkja fyrir umferð um Suðurgötu með biðskyldu.

Lónsleira nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu. Umferð um Lónsleiru skal þó víkja fyrir umferð um Austurveg með stöðvunarskyldu.

Bjólfsgata nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu og stöðvunarskyldu. Umferð um Bjólfsgötu skal þó víkja fyrir umferð um Lónsleiru og Ránargötu með biðskyldu.

Á T-gatnamótum Fjarðargötu og Lónsleiru nýtur beygjan forgangs sem aðalgata gagnvart hliðargötum. Fjarðargata fyrir húsnúmerin 8 – 10 er hliðargata og skal hún víkja fyrir umferð um aðalgötu með biðskyldu.

Ránargata nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hana með biðskyldu. Hluti af Ránargötu eru hliðargötur fyrir húsnúmerin 4 – 8, 9 – 15, 17 og 23.

Vestdalseyrarvegur nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hann með biðskyldu.

Vesturvegur nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hann með biðskyldu. Umferð um Vesturveg skal þó víkja fyrir umferð um Austurveg og Ránargötu með biðskyldu.

Gilsbakki nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hann með biðskyldu. Umferð um Gilsbakka skal þó víkja fyrir umferð um Vesturveg með biðskyldu.

Seyðisfjarðarvegur nýtur forgangs gagnvart hliðargötum og skal umferð frá þeim víkja fyrir umferð um hann með biðskyldu.

Að öðru leyti gilda þær merkingar bið- og stöðvunarskyldu utan þéttbýlis á Seyðisfirði sem Vegagerðin setur upp og hefur umsjón með.

2. Bifreiðastöður.

Í íbúðahverfum er óheimilt að leggja vinnuvélum og bifreiðum sem eru meira en 4,0 tonn að eigin þyngd, eða með meiri heildarlengd en 6,5 metrar.

Óheimilt er að leggja ökutækjum á snúningssvæði í botnlagnagötum.

Óheimilt er að leggja tengivögnum á götum og í almenningstæðum í íbúðarhverfum.

Óheimilt er að leggja ökutækjum hægra megin í akstursstefnu í einstefnugötum.

Óheimilt er að leggja óskráðum eða óökufærum bifreiðum, vinnuvélum eða öðrum ökutækjum á almenningsbílataæði, við götubrún eða annars staðar á almannafæri innan þéttbýlis.

3. Ökuhraði og þéttbýlismörk.

Í þéttbýli á Seyðisfirði er ökuhraði að jafnaði 30 km/klst. Ef gata eða vegur innan þéttbýlisins er ekki nefndur sérstaklega undir ákveðnum hraðaflokki í þessu ákvæði gildir 30 km/klst. hámarks-
hraði.

Við þéttbýlismörk er ökuhraði 50 km/klst. Þéttbýlismörkin eru eftirfarandi:

- a. Seyðisfjarðarvegur (93) við gatnamót hliðarvegar að vatnshreinsistöð Seyðisfjarðar.
- b. Ránargata við grindarhlið.
- c. Strandarvegur við Imslandsgil.

Á eftirtöldum götum gildir hámarkshraði 30 km/klst.:

Suðurgötu, Árstíg, Garðarsvegi, Hlíðarvegi, Múlavegi, Botnahlið, Brattahlíð, Baugsvegi, Miðtúni, Brekkuvegi, Skólavegi, Austurvegi frá húsum nr. 34 – 56, Fossgötu, Ferjuleiru, Smábátahöfn, Bjólfs götu, Oddagötu, Öldugötu, Norðurgötu, Fjarðargötu við Bjólfsbakka, Bjólfsbakka, Gilsbakka, Hamrabakka, Fjarðarbakka, Leirubakka, Árbakka, Dalbakka og Langatanga.

Á eftirtöldum götum gildir hámarkshraði 40 km/klst.:

Ránargötu, Fjarðargötu að Bjólfsbakka, Lónsleiru, Strandarvegi, Austurvegi, Vesturvegi og Seyðisfjarðarvegi.

4. Gangbrautir.

Yfir Vesturveg við innkeyrslu á kjörbúðarplan.

Yfir Austurveg norðan við brú, við Norðurgötu 2.

Yfir Suðurgötu við Gamla skóla að Suðurgötu 4.

Yfir Suðurgötu við gatnamót Austurvegar.

Yfir Garðarsveg við enda gangstígs gegnum opið svæði við Suðurgötu 6 og við Garðarsveg 2.

Yfir Hafnargötu við hús númer 47 á móti bílplani starfsmanna fiskvinnslunnar.

Yfir Brekkugötu við gatnamót Austurvegar.

Yfir Lónsleiru við gatnamót Ferjuleiru.

Yfir Lónsleiru við gatnamót Austurvegar.

Yfir Austurveg við gatnamót Lónsleiru/Brekkuvegar.

Yfir Suðurgötu við gatnamót Múlavegar.

Yfir Múlaveg við gatnamót Bröttuhlíðar.

5. Takmarkanir á akstri.

Einstefna er inn Túngötu frá gatnamótum Múlavegar og Brekkuvegar að Suðurgötu.

Einstefna er í Oddagötu frá húsi nr. 3 í átt að nr. 1 og að Bjólfs götu við hús númer 4.

Hraðahindranir eru við Suðurgötu 4, „Gamla skóla“.

6. Almenningsbílataæði.

Almenningsbílataæði eru ætluð hópbifreiðum, vörubifreiðum og öðrum ökutækjum eftir atvikum. Almenningsbílataæði eru ekki ætluð til geymslu ökutækja eða ökutækjahluta til lengri tíma. Hús bílum skal lagt á þar til gerðum þjónustusvæðum í þéttbýli þegar gist er í þeim. Salerni húsbíla og hópbíla má hvergi tæma nema á aftöppunarstað við tjaldsvæði eftir leiðbeiningum rekstraaðila.

7. Gildistaka.

Við gildistöku ákvæða auglýsingar þessarar falla úr gildi öll eldri ákvæði um umferð á Seyðisfirði. Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Seyðisfirði, 15. júlí 2020.

Úlfar Trausti Þórðarson,
skipulags- og byggingafulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 30. júlí 2020